



Umhverfis- og sjálfbærnistefna

Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála á Íslandi samkvæmt lögum, en yfirstjórn málaflokksins er í höndum iðnaðarráðherra. Meðal helstu verkefna Ferðamálastofu eru þróunar-, gæða- og skipulagsmál, þar á meðal miðlun upplýsinga, framkvæmd ferðamálastefnu og samræming umhverfis- og fræðslumála ferðapjónustunnar. Ferðamálastofa sinnir markaðsmálum ferðapjónustunnar innanlands. Þá sér Ferðamálastofa einnig um útgáfu leyfa og skráningu og eftirlit með starfsemi ferðapjónustufyrirtækja.

Gildi Ferðamálastofu eru fagmennska, samvinna og jákvæðni. Þessi gildi eru starfsmönnum til leiðbeiningar í daglegum störfum og við ákvarðanatöku.

Ferðamálastofa leggur áherslu á að Ísland sé og eigi að vera hreint og ómengað land, þar sem ferðapjónusta er rekin með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, þjóðarbúinu til heilla og í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðapjónusta hefur með ýmsum hætti áhrif á náttúrulegt- og félagslegt umhverfi. Ferðamálastofa mun leggja sitt af mörkum til að þessi áhrif verði sem jákvæðust, um leið og hlúð er að þeirri fjölbreyttu menningu sem blómstrar á hverjum stað. Ferðamálastofa mun, í samræmi við framanskráð:

1. Vinna árlega að úrbótum er stuðla að minni mengun og verðmættasóun t.d. með endurnýtingu, endurvinnslu, orkusparnaði og notkun á umhverfisvænum efnum.
2. Velja frekar vörur og þjónustu sem koma úr heimabyggð og sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, þar sem því verður við komið.
3. Leita eftir frekari fræðslu um umhverfismál og koma þeim upplýsingum áfram til starfsfólks.
4. Hafa frumkvæði að því að bæta frammistöðu og ímynd íslenskrar ferðapjónustu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, ásamt því að hvetja ríkisstjórn, ráðuneyti, opinberar stofnanir, sveitarstjórnir, ferðapjónustufyrirtæki og samtök þeirra til að leggja einnig sitt af mörkum í þeirri viðleitni.
5. Vinna að vottun íslenskra ferðapjónustufyrirtækja, áfangastaða, samfélaga og einstakra ferðapjónustuverkefna samkvæmt bestu þekktu stöðlum í anda sjálfbærrar þróunar á hverjum tíma, sjálfstætt eða með öðrum.
6. Beita sér fyrir stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum, bæði í eigin starfsemi og í íslenskri ferðapjónustu.
7. Nýta endurnýjanlegar auðlindir, stuðla að verndun menningar- og náttúru-minja og vinna gegn hvers konar sóun.
8. Hvetja til rannsókna í íslenskri ferðapjónustu, þar á meðal rannsókna á þolmörkum náttúru og samfélags.
9. Efla fræðslu um umhverfismál ferðapjónustunnar.
10. Uppfylla ákvæði laga, reglugerða, alþjóðasamninga og samþykktra áætlana sem tengjast starfseminni.

Umhverfis- og sjálfbærnistefna Ferðamálastofu skal vera vel sýnileg á skrifstofum og heimasíðu stofnunarinnar og endurskoðuð reglulega.